ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

# VERKALÝÐSBLAÐIÐ

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

2. ÁRG. 5. TBL. 1976

Mörg verkefni blasa nú við verkalýð og vinnandi alþýðu Íslands. Kreppuástandið versnar með hverri viku. Lífskjör alþýðu versna og smánarleg kauphækkun, sem ASÍ-forystan útmældi í mars er nú löngu úr sögunni. Fyrirtæki hætta starfsemi og reka verkafólk á dyr, önnur fækka "óþörfu" fólki Samtímis reyna þingsalasetar Alþýðubandalagsins og annarra að virkja óánægju fólks sér til framdráttar og koma þannig í veg fyrir eigin baráttu vinnandi fólks. Þetta ástand setur okkur þau verkefni að sundra stéttasamvinnu ASÍ- og BSRB-forystunnar og skipuleggja sóknarbaráttu verkafólks og vinnandi alþýðu. Hún er bæði efnaleg og pólitísk í senn. Aðalandstæðingurinn er einokunarauðvaldið með bandamönnum úr auðstéttinni, en hjálparmönnum hennar úr forystu hinna fölsku "verkaflokka" má ekki gleyma.

Gegn þessari þróun er aðeins eitt svar: Ósættanleg barátta verkalýðs og vinnandi alþýðu gegn allri heimsvaldastefnu, sérlega gegn Bandaríkjunum og Sovétríkjunum fyrir fullu sjálfræði, pólitísku og efnalegu. Alþýðan getur aðeins treyst á sig sjálfa og eigið afl, eigin vopn og styrk, og svo alþýðu heimsins.
Einingarsamtök kommúnista (m-l) - EIK(m-l) eru ung samtök og enn á stigi náms- og áróðurssamtaka í höfuðatriðum
Þrátt fyrir hnökra í starfi og stefnu eru samtökin óumdeilanlega hluti heimshreyfingar kommúnista, á bekk með norrænu marx-lenínistunum, Flokki vinnunnar í Albaníu og Kommúnistaflokki Kína. Undir forystu þessarar hreyfingar mun verkalýðsstétt hvers lands ásamt alþýðu vinna fullan sigur á auðvaldi og heimsvaldastefnu og reisa sósíalískt þjóðfélag undir

# 1. MAÍ ÁVARP EIK(m-l)

Í raun merkir þetta að smíða verður samfylkingu verkafólks og annars vinnandi fólks á grundvelli stéttabaráttu. Hún verður að endurreisa stéttarfélögin sem baráttutæki, útrýma endurbótastefnu og taka til margra ákveðinna mála - gegn erlendri stóriðju, húsnæðisskorti - og okri, gegn rányrkju og eyðingu náttúrugæða o.fl.
Verkalýðsstéttin er leiðandi afl baráttunnar - það er hún sem getur fylkt alþýðunni, svo sem smærri bændum og smábátaeigendum, til baráttunnar En forystusveit stéttarinnar er enn óskipuð.
Eftir að Kommúnistaflokkur Íslands var eyðilagður 1938 hefur hentistefna og íhald verið ær og kýr sjálfumglaðrar "forystu" verkalýðshreyfingarinnar. Baráttan þarfnast því nýs kommúnistaflokks - byggðan á marx-lenínismanum. Einingarsamtök kommúnista (m-l) hafa sett sér það markmið að hasla slíkum flokki völl með útbreiðslu marx-lenínismans, upplýsingamiðlun og starfi meðal fjöldans. Slíkur flokkur tekur afstöðu gegn allri hentistefnu allt frá Fylkingunni til flokks Kommúnistasamtakanna og gegn Alþýðubandalaginu.
Forystu flokksins er einnig þörf þegar heimsástandið og ásælni heimsveldanna á Íslandi er skoðuð.
Vestrænu heimsveldunum hnignar, sérlega Bandaríkjunum. Samtímis eflast Sovétríkin, sem breytt hefur verið úr sósíalísku ríki í árásargjarnt og auðvaldsinnað heimsveldi. Það er þjóðfrelsisbaráttan og barátta verkalýðs og alþýðu í auðvaldsheiminum sem valda heimsvaldastefnunni þessum búsifjum Leið hennar liggur til grafar.
Þróunin í heiminum stefnir til byltingar, en innbyrðis kapphlaup risaveldanna og tímabundin samstaða gegn alþýðunni, felur í sér mikla hættu. Hættan á heimsstyrjöld eykst með vígbúnaði og afskiptum risaveldanna af innri málum landa. Íslensk alþýða sér greinilega merki heimsveldaásælninnar. Erlend stóriðja ryðst að, fiskveiðideilan afhjúpar íslenskt auðvald, Sovétríkin, NATO og Efnahagsbandalagsríkin sem óvini okkar og hernæfingar risaveldanna fara fram undan landssteinum og í landinu sjálfu.
stéttarveldi sínu á Íslandi og annars staðar. Sú barátta heimtar þátttöku þína, lesandi - kom til starfa með EIK(m-l).

LIFI MARX-LENÍNISMINN/ KENNINGAR MAÓ TSETUNGS!

LIFI BARÁTTAN FYRIR SÓSÍALÍSKU ÍSLANDI!

LIFI 1.MAÍ - BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR!

Yfirlýsing

# AFSTAÐA EIK(m-l) TIL KFÍ/ML

Í TILEFNI FRÉTTAR UM STOFNUN SVOKALLAÐS KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS/ML VILJA EININGARSAMTÖK KOMMÚNISTA TAKA EFTIRFARANDI FRAM:

1. Fyrir þessa "flokks"-stofnun voru hér á landi tvö samtök sem bæði kölluðu sig marx-lenínísk þ.e. KSML og EIK(m-l). KSML buðu EIK(m-l) þátttöku í stofnun flokksins, en ekki á neinum jafnréttisgrundvelli. KSML neituðu enn fremur að taka tillit til þess að í flokknum verður að ríkja eining um grundvallaatriði hinnar marx-lenínísku fræðikenningar, einnig um helstu baráttumál íslenskrar alþýðu, auk eiringar um grundvallaratriði skipulagsins. Flokkurinn verður að sameina íslenska marx-lenínísta við stofnun.

2. KSML voru vinstri hentistefnusamtök. Þau hafa aldrei gert upp við þessa stefnu og breytir "flokks"stofnunin þar engu um og reyndar eru fyrrnefndar aðferðir við hana staðfesting á því að vinstri hentistefna ræður ríkjum í KFÍ/ML.

3. Í fréttatilkynningu KFÍ/ML segir að "KFÍ/ML gangi inn í marxísku-lenínísku heimshreyfinguna undir forystu kínverska og albanska kommúnistaflokksins". Þetta eru ósvífnar falsanir. Engin marx-lenínískur flokkur eða samtök í heiminum viðurkenna KFÍ/ML. Þvert á móti hafa marx-lenínísk samtök og flokkar þ.á.m. Flokkur vinnunnar í Albaníu, tekið upp bróðurleg samskipti við EIK(m-l) og telja þau einu marx-lenínísku samtökin á Íslandi.

4. Af framangreindum ástæðum LÝSA EIK(M-L) ÞVÍ YFIR AÐ ÞAU TELJA KFÍ/ML EKKI MARX-LENÍNÍSKAN FLOKK,OG AÐ STOFNUN HANS ER TILRÆÐI VIÐ FRAMGANG MARX-LENÍSKU HREYFINGARINNAR Á ÍSLANDI.

Miðstjórn EIK(m-l)

INNI Í BLAÐINU:

ALBANÍUFERÐ

KÍNA: baráttan heldur áfram

VIÐTAL VIÐ FORMANN OFML Í FÆREYJUM

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !
VERKALÝÐSBLAÐIÐ
MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)
RITSTJ. OG ÁBM.ALBERT EINARSSON.



"SÉRHVER VERKAMAÐUR ER HERMAÐUR - SÉRHVER HERMAÐUR ER VERKAMAÐUR"

# ALBANÍUFERÐ

ÞRIGGJA MANNA SENDINEFND MIÐSTJÓRNAR EIK (m-l) HÉLT UTAN Í BOÐI MIÐSTJÓRNAR FLOKKS VINNUNNAR Í ALBANÍU 10. APRÍL S.L. SENDINEFNDIN DVALDIST 8 DAGA Í ALBANÍU = EINA RÍKI SÓSÍALISMANS Í EVRÓPU.

ENVER HOXHA

Fréttir um Albaníu ber ekki hátt á Íslandi, þannig að fáir þekkja gjörla til lands og þjóðar. Á fyrri hluta þessarar aldar var þjóðskipulag þar syðra sambland að léns- og auðvaldsskipulagi. Landið var eitt vanþróaðasta land Evrópu. Ítalskir fasistar hernámu landið 1939, en nasistar EIK(m-l), en hins vegar kynnast gangi mála í Albaníu. Með þetta fyrir augum voru skipulagðar viðræður milli fulltrúa Flokks vinnunnar og EIK (m-l). Þar utan ferðaðist sendinefndin um landið, og hitti jafnt fulltrúa flokksins og annarra samtaka sem og alþýðufólk annað.

# FÖR SENDINEFNDARINNAR

1943 eftir uppgjöf Ítala. Undir forystu Kommúnistaflokks Albaníu og leiðsögn leiðtoga á borð við Enver Hoxha, frelsaði fámenn verkalýðsstétt og fjölmenn bændaalþýða með bandamönnum sínum landið af eigin rammleik. Alþýðulýðveldið var stofnað þegar í styrjaldarlok. Undir stéttarveldi verkalýðsstéttarinnar í bandalagi við flesta bændur reis síðan sósíalskt þjóðfélag. Marx-lenínisminn hefur ávallt verið stefnu mótandi í landinu, þannig að þróunin tók aldrei sömu stefnu og í A-Evrópu þar sem auðklíka ók úr endurskoðunarsinnahópum. Albanir snerust gegn yfir gangi Títós & Co, gegn svikum Krúsjeffs og drottnunarstefnu Sovétríkjanna Þeir treysta á eigin krafta og skipa nú fremstu sveit heimshreyfingar marx-lenínismans með kínverskum kommúninstum og Mao Tsetung.

Sendinefnd EIK(m-l) átti tvíþætt erindi til Albaníu. Annars vegar skyldi ræða ástand í stéttabaráttu á Islandi og baráttu Félagar EIK(m-l) gistu fyrst borgina Shkodra í norðurhluta Albaníu. Þeir áttu þar viðræður við héraðsfulltrúa flokksins um Ísland og Shkodrahérað. Farið var í víra- og kaplaverksmiðju til að kynnast sósíalískum iðnaði og í heiðingjasafn borgarinnar. En trúarbrögð eru sem næst horfin úr þjóðlífinu ásamt trúar húsum. Fulltrúar kirkjunnar voru snar þáttur afturhalds og fasismans í Albaníu, alþýðunni til biturrar óþurftar. Sendinefndin dvaldist hvað lengst í Tirana, höfuðborg landsins. Þar fóru fram viðræður við fulltrúa kvennahreyfingarinnar, verkalýðsfélaganna og flokksskólans um málefni viðkomandi samtaka. Félagarnir áttu fundi með Piro Bita, formanni utanríkisnefndar miðstjórnar FV. Fjölluðu þeir um stefnu EIK(m-l) og ástand mála á Íslandi, um afstöðu Flokks vinnunnar til EIK(m-l), um þróunina í Albaníu og gang heimsmála almennt. Um niðurstöður fundanna er fjallað í viðtali við Ara T. Guðmundsson formann EIK (m-l) neðar á síðunni.

Í Tirana er stærsta safn landsins um þjóðfrelsisstríðið 1939-45 og mikið menningarlíf. Meðan á dvölinni í borginni stóð var safn þetta skoðað og ýmsar menningarvökur sóttar, m.a. sýning ríkis listamanna úr hópi tón- listar- og dansfólks. Albanir tengja saman þjóð lega tónlist, dansa og byltingarsinnað inntak. Frá Tirana hélt sendinefndin í stuttar kynnisferðir. Má nefna hina fornfrægu borg Kruja, þar sem Skanderberg, þjóðhetja Albana, hélt Tyrkjum í heljargreipum á 15. öld. Þar var baráttan gegn skrifræði og borgaralegum leifum gamla afturhaldsins aðalumræðuefnið. Í Elbasan var litið inn í kennaraskóla og stáliðjuver í byggingu með bróðurlegri hjálp kínverska alþýðulýðveldisins. Iðjuverið myndar lokaða rás, þar sem öll nýtanleg efni járngrýtisins eru unnin og mengun nær engin. Nálægt Dürres, aðalhafnarborginni, heimsótti nefndin ríkisbú og kynnti sér félagslegan landbúnað.

För sendinefndarinnar til Albaníu var afar lærdómsrík. Hún styrkir starf íslenskra marx-lenínista og tengsl EIK(m-l) við heimshreyfinguna, hún eflir heimshreyfinguna og er samtökunum mikilvæg hvatning.

# Bandamenn íslenskrar alþýðu

HÉR FER VIÐTAL SEM TEKIÐ VAR VIÐ FORMANN EIK(M-L), ARA T. GUÐMUNDSSON, Í TILEFNI AF FÖR SENDINEFNDAR SAMTAKANNA TIL ALBANÍU Í BOÐI MIÐSTJÓRNAR FLOKKS VINNUNNAR 12. - 2o. APRÍL S.L.

Vbl.: Hver voru tildrög fararinnar til Albaníu?

ATG: EIK(m-l) hefur sent allnokkuð af efni sínu til Flokks vinnunnar allt frá stofnun samtakanna. Að auki var svo EIK(m-l) aðili að sameiginlegri ályktun norrænna marx-lenínista um endurskoðunarstefnuna og heimsvaldastefnuna, er gerð var í janúar 1975. Afstaða EIK (m-l) og tengsl við marx-lenínista í Evrópu áttu mikinn þátt í heimboði Albana. Mestu vörðuðu þó viðræður milli fulltrúa EIK(m-l) og FV s.l. sumar og haust.

Vbl.: Af þessu má þá ráða að tilgangur fararinnar hafi verið sá að EIK(m-l) og Flokkur vinnunnar skiptust á skoðunum og ræddu tengsl sín á milli?

ATG: Já, það ætti að vera augljóst. Flokkur vinnunnar vissi eðlilega minna um okkur og Ísland en við um þá og Albaníu. Hlutverk flokksins og albönsk alþýðubaráttа er svo mikilvæg í framsækinni baráttu, að við þekktum margt til þróunarinnar í Albaníu. Þar með er ljóst að nauðsynlegt var að við legðum fram allnákvæma úttekt á stefnu og starfi EIK(m-l) og baráttunni hér. Á móti kom svo yfirlit flokksins yfir innri mál og utanríkisstefnu, ásamt því sem við heimsóttum fjölmarga staði og ræddum við fólk. Í stuttu máli var tilgangurinn að bera saman afstöðu Flokks vinnunnar og EIK(m-l) og taka svo ákvarðanir um framhaldið í ljósi niðurstöðunnar.

Vbl.: Getur þú þá skýrt í fáeinum orðum frá þessum niðurstöðum viðræðnanna við Flokk vinnunnar?

ATG: Við ræddum við félaga Piro Bita, formann utanríkisnefndar flokksins tvisvar sinnum með viku millibili. Þar sögðum við sögu EIK(m-l), skýrðum stefnupunkta, sögðum frá starfi okkar og baráttunni fyrir raunverulegum kommúnískum flokki. Samtímis lýstum við þróun landsmála hér. Miðstjórn þeirra fjallaði um atriðin og tók afstöðu og var niðurstaðan sú að heildarafstaða Flokks vinnunnar og EIK(m-l) er sú sama. Flokkurinn tekur upp full flokkstengsl við okkur á sama hátt og EIK(m-l) við þá. Hann lýsir fullum stuðningi við stefnu EIK(m-l) í stéttabaráttunni innanlands og baráttunni gegn allri heimsvaldastefnu, gegn risaveldunum Bandaríkjunum og Sovétríkjunum og hann styður heils hugar baráttu EIK(m-l) gegn hentistefnu og endurskoðunarstefnu fyrir nýjum kommúnistaflokki. Flokkurinn lýsir yfir fullum stuðningi við íslenskan verkalýð og vinnandi alþýðu í baráttu við einokunarauðvald, afturhald og heimsvaldastefnu. Hann leggur áherslu á að fullvissa sé fyrir sigri yfir þessum öflum. Hann leggur áherslu á að styrkja alþjóðahreyfingu marx lenínista og efla einingu íslenskra marx-lenínista á grundvelli marx-lenínismans og stéttabaráttunnar. Samtímis er skýrt tekið fram að flokkurinn áítur rétt að íslenskir kommúnistar beiti marx-lenínismanum sjálfstætt við íslenskar aðstæður.

Vbl.: Hvernig viltu tengja þessi nýju samskipti EIK(m-l) við baráttuna hér heima?

frh. bls.5

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !
VERKALÝÐSBLAÐIÐ
MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)
Verð: Áskrift 6oo kr.
Í lausasölu kr 7o.
ÚTGEFANDI: Einingarsamtök kommúnista (m-l)
Póstfang: Langholtsvegur 122 Reykjavík
Áskrift í síma 35904

# UTAN ÚR HEIMI

## LANDHELGISMÁLIÐ

SURINAM

### Enn eitt ríki færir út í 200 mílur

Ennþá eitt ríki færir út fiskveiðilögsögu sína í 200 mílur.Ríkið SURINAM á austurströnd S-Ameríku færði út fiskveiðilögsögu sína í 200 mílur 14.mars. Í yfirlýsingu stjórnar Surinam um útfærsluna segir m.a.: "Surinam berst gegn öllum þeim ríkjum sem stunda rányrkju og yfirgang á náttúruauðæfum í hafinu innan fiskveiðilögsögunnar."

Þjóðir heims mæta andstöðu risaveldanna við raunhæfa útfærslu með því að efla baráttuna fyrir fullum yfirráðum yfir fiskveiðilögsögu og landhelgi sinni.

HAFRÉTTARRÁÐSTEFNAN

### Risaveldin með breytta stefnu - þau eru höfuðóvinurinn

Vitað var fyrir fundi hafréttarráðstefnunnar nú að risaveldin myndu mæta þar með breytta stefnu.Nú beita þau sér ekki lengur gegn 200 mílna reglunni sem slíkri, heldur reyna að útþynna hana svo að hún hafi sára litla þýðingu í raun.
Á hafréttarráðstefnum þeim,sem haldnar voru í Caracas og Genf voru risaveldin á móti 200 mílum, en 110 af 140 þátttökuríkjum voru þá fylgjandi 200 mílna reglunni.Risaveldin neyddust til að breyta um afstöðu og eru nú fylgjandi 200 mílna reglu með ýmsum skilyrðum sem eru hinum minni ríkjum mjög óhagstæð.

Risaveldin berjast t.d. grimmilega gegn því að strandríkin fái sjálf að ráða siglingum um hafsvæðið innan 200 mílna lögsögunnar.Þetta gera þau til þess að tryggja sér möguleikann á að fara með herskipaflota sína um öll heimshöfin.

Harðast gengu Sovétríkin fram í baráttunni gegn því að strandríkin fengju fullan yfirráðarétt.Á ráðstefnunni sögðu fulltrúar Sovétríkjanna að "öll lönd hafi rétt til frjálsra siglinga innan efnahagslögsögu eins lands." Þetta frelsi átti að sjálfsögðu einnig að ná til herskipaflota risaveldanna,sem nú ógna alþýðu heimsins með nýju uppskiptastríði.

Þessi afstaða kemur sérlega vel fram hjá Brésneff er hann segir: "Grundvallaratriðið varðandi frjálsar siglingar hefur mikla þýðingu fyrir þau lönd sem þurfa að verja öryggi sitt".Brésneff segir og meinar auðvitað að Sovétríkin hafi öryggishagsmuna að gæta á öllum heimshöfum og hvað er það annað en heimsvaldastefna og yfirgangur þegar eitt ríki þykist hafa hagsmuna að gæta um allan hnöttinn og sendir stríðstól sín um hann allan í því skyni að verja eigið öryggi.

Sovétríkin heimta að auki "frelsi til vísindalegra rannsókna innan efnahagslögsagnanna". Það er þekkt að sovésku rannsóknarskipin og fiskiskipin líka,eru búin njósnatækjum og vopnum. Þá setja Sovétríkin fram kröfu um að "minni og meðalstór lönd verði að taka tillit til fiskveiðiþjóða,sem veiða langt frá heimaströndum"og að þessi lönd "eigi að leyfa öðrum löndum að veiða það magn,sem þau sjálf eru ekki fær um að veiða". Þessar kröfur Sovétríkjanna eru svo gróf ar að fái Sovétr. það frelsi sem þau heimta verður allt sem fyrr og rányrkjan heldur áfram af auknum krafti. Nú veiða Sovétríkin um 90% af heildarmagni sínu á miðum annarra landa.Sovétríkin hyggjast auka þessa starfsemi sína á höfunum, það kemur fram af síðustu fimmára áætlun. Þetta segir okkur að sósíalheimsvaldastefnan hyggur á aukna rányrkju og aukinn yfirgang á öllum heimshöfum.

BERJUMST GEGN YFIRGANGI RISAVELDANNA OG STRÍÐSUNDIRBÚNINGI ÞEIRRA.

KÍNA

# BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM

BARÁTTAN MILLI TVEGGJA STEFNA -BORGARALEGRAR AUÐVALDSHYGGJU OG SÓSÍALISMA HELDUR ÁFRAM AF FULLUM KRAFTI Í ALÞÝÐULÝÐVELDINU KÍNA

Fjölmiðlar á vesturlöndum gera mikið veður út af baráttunni í Kína og klifa einatt á því að barátta fari fram "á bak við tjöldin",að þar sé "háð grimmileg barátta milli ~~fáinna~~ persóna" o.s. frv. Samt bera fregnir þessara fjölmiðla það með sér að þær eru allar fengnar á götum úti,meðal kínversku alþýðunnar,lesnar af veggspjöldum eða af fregnmiðum. Þætti slík "valdabarátta" opinská væri hún háð t.d. hérlendis eða í öðrum auðvaldsríkjum þar sem allt er gert til þess að kæfa fjöldabaráttu í kjörkössum og þingsölum.

Barátta í Kína og þeir atburðir sem henni fylgja "koma á óvart" segja blöð borgaranna.Menningarbyltingin "kom á óvart" o.s. frv. Baráttunni í Kína er stillt upp eins og hverri annarri borgaralegri vestrænni baráttu á þingpöllum og kaffihúsum.Staðreyndin er hinsvegar sú að í Kína er barist um það hver á að hafa völdin verkalýðurinn eða burgeisastéttin sem enn er til rúin öllum arðránsmöguleikum en samt baráttugrimm.Hún sættir sig ekki við hlutskipti sitt og gerir allt hvað hún getur til þess að steypa alræði öreiganna og endurheimta arðránsstöðu sína.

Reynslan frá Sovétríkjunum hefur sýnt okkur að burgeisarnir geta náð völdum á ný og brotið alræði öreiganna á bak aftur. Reynslan frá Sovétríkjunum hefur líka sýnt að markmiði sínu ná burgeisarnir með því að brjóta alræði öreiganna niður innan frá þ.e. hjúpa raunverulega stefnu sína marxískum orðum,með því að endurskoða og rangfæra marx-leninismann og á þann hátt pota sér og sínum áfram í röðum alþýðusveitanna. Reynslan frá Kína hefur hins vegar sýnt okkur með hvaða hætti berjast verður gegn slíkum aðferðum burgeisanna.Alþýðan ein er fær um að berjast til sigurs gegn tilraunum þeirra til að steypa alræði öreiganna og raunverulegur Kommúnistaflokkur er eina aflið sem er fært um að leiða þá baráttu til sigurs. Þess vegna er kínverska alþýðan virkjuð til baráttu undir forystu síns eigin framvarðar - Kommúnistaflokksins. Þess vegna geysar baráttan í Kína á þann veg sem vakið hefur undrun og aðdáun miljóna manna um allan heim.

Menningarbyltingin í Kína,þar sem vegið var að rótum gamla samfélagsins,

Veggblöð eru mikilvæg tæki í hinni lýðræðislegu umræðu meðal kínversku alþýðunnar.

hafði geysileg áhrif.Augu fólks opnuðust fyrir sósíalismanum á ný eftir að endurskoðunarsinnar með Krúsjéff í fararbroddi, höfðu afmyndað hann svo að eftir stóð skipulag í Sovétríkjunum sem vekur óhugnað í hugum allrar alþýðu. Barátta kínverja gegn allri endurskoðun á marx-leninismanum - hinum vísindalega grundvelli sósíalismans,er því náðarlaus barátta gegn sovésku sósíalheimsvaldastefnunni og féndum kínversku alþýðunnar heimafyrir - burgeisum sem feta vilja í fótspor Krúsjeffs,Lin Piao og Líu Shao Sí og reyna að endurreisa auðvaldsskipulagið í Kína.

Við skulum líka minnast þess að tilvera auðvaldsskipulagsins og burgeisastéttarinnar byggist á því að til sé verkalýður að arðræna og munu því burgeisarnir aldrei vilja útrýma verkalýðnum.Í sósíalísku skipulagi hefur alþýðan ekkert með burgeisastéttina að gera og berst því fyrir því að útrýma henni sem þjóðfélagsstétt. Þetta gerir það að stéttabaráttan verður háð af miklu meiri hörku í sósíalismanum.Þessi barátta er nú í fullum gangi í Kína.Fulltrúi endurskoðunar og rangfærslna á marx-leninismanum í Kína nú er Teng Hsio Ping.Teng notar sömu aðferðir og Krúsjeff gerði á sínum tíma.Kom sér í mjúkinn hjá félögum flokksins með því að lofa og dásama forystu hans og stefnu en vann síðan gegn henni sem mest hann gat.Teng og hans lið eru fulltrúar fyrir burgeisastéttina og gegn þeim verður að berjast, þetta er kínversku alþýðunni ljóst m.a.vegna reynslunnar frá Sovétríkjunum og ekki síður eigin reynslu í baráttu gegn hvers konar hentistefnu og endurskoðunarstefnu.

Barátta í Kína er sem annarstaðar á milli tveggja stefna - borgaralegrar auðvaldshyggju og sósíalisma.

Alþýðan í Kína berst þrotlausri baráttu gegn öllum tilraunum til að grafa undan sósíalismanum.

# Starfsemi FRAP bönnuð í Frakklandi

SPÁNN

Spænska and-fasista samfylkingin FRAP hefur barist af miklum hetjuskap gegn spænska fasismanum og misst marga liðsmenn sína í fangelsi og dauðapíningar fasistanna á Spáni. Margir liðsmanna FRAP hafa orðið að flýja land sitt og sest að í suðurhéruðum Frakklands. Meðal spænsku útlaganna hefur FRAP starfað og haft bækistöðvar. Þann 16.mars bannaði franska stjórnin alla starfsemi FRAP í Frakklandi.Þetta gerðist eftir að innanríkisráðherrar Spánar og Frakklands höfðu haldið með sér fund,þar sem mál þetta hefur augsýnilega verið á dagskrá.

Bann þetta á starfsemi FRAP er ekkert annað en óttayfirlýsing frönsku og spænsku stjórnanna við framgang byltingaraflanna á Spáni.

STYÐJUM BARÁTTU AND-FASISTA Á SPÁNI!

HUNSUM SPÁNARFERÐIR - SÓL Á SPÁNI ER SÓL Í FASISTALANDI!

**UMRÆÐUR**

Um afstöðu KSML til EIK(m-l)

# Árásum svarað

Verkalýðsblaðinu þykir nauðsyn á því að svara nokkrum aðalatriðum í greinum í apríltölublaði Stéttabaráttunnar. Hins vegar er rétt að benda á að smálegar ritdeilur eru til einskis. Það er pólitísk stefna sem að baki býr er skiptir höfuðmáli. Tal um "róg, lygar, falsanir, hægri hentistefnu, nútíma endurskoðunarstefnu, skemmdarverkastarfsemi" EIK(m-l) sem samtímis eru marxlenínísk í munni KSML - er í raun mynd pólitískrar villu KFÍ/ML. Það er þessi stefna sem ber að afhjúpa.

Á meðan KFÍ/ML segir KSML hafa verið marx-lenínísk og í aðalatriðum réttstefnusamtök frá upphafi -er samtímis sagt að gagnbyltingarbrölt og einangrunarstefna sem öll heimshreyfingin fordæmir sé rétt. Þessi afstaða merkir í raun að KSML eru ekki marx-lenínísk samtök svo lengi sem þau ekki gera almenna sjálfsgagnrýni, taka afstöðu gegn fyrra starfi og taka upp nýja marx-lenínska línu. Svo einfalt er málið.
Þar með er heldur ekki mögulegt að tala um "tvær marx-lenínískar hreyfingar" á Íslandi, eins og blað KFÍ/ML segir.
Stefnuskrá KSML byggði á rangri afstöðu til endurskoðunarstefnu í öllum myndum. Samtökin telja ómengaða endurskoðunarstefnu sína hafa verið "eðlilega og óumflýjanlega byrjunarörðugleika" og ráðast þar með ekki á rætur hennar. Stefnuskrá in byggir líka á rangri skilgreiningu á verkalýð (öreigum). Skv. KSML er verkalýður einungis framleiðið fólk, en ekki skrifstofu- og afgreiðslufólk - eða þúsundir launavinnufólks. Þessi afstaða leiðir til einangrunarstefnu.
Þá er samfylkingarstefnan þeim framandi - og þeir leggja því ekki áherslu á að vekja, efla og leiða fjöldabaráttu, t.d. í landhelgismálinu. Þannig mætti enn telja. Í ljósi þessa er kvein KFÍ/ML um að EIK(m-l) hafi hafnað tilboði um sameiginlegar undirbúningsframkvæmdir fyrir flokksstofnun og sett skilyrði (hvílíkt og annað eins:) dæmd ómerk. Hver sá flokkur sem ætlar að sameina marx-lenínista og ekki gerir það með því að ná fræðilegri, skipulagslegri og stefnulegri einingu fyrir og við stofnun, er hentistefnuflokkur. EIK (m-l) setti ekki skilyrði til að "hindra flokksstofnun" - eins og Stéttabaráttan segir - heldur til að fylgja lenínískum starfsstíl og raunverulegri kommúnískri stefnu. Öll gagnrýni EIK(m-l) á rangar stefnu- og starfsaðferðir er dæmd "baktjaldamakk og rógur" - en henni hefur aldrei verið svarað í málgagni KSML/KFÍ/ML.
KSML litu ekki á sameiningu KSML og EIK(m-l) á grundvelli marx-lenínismans sem verkefni, sem hefði forgang fram yfir eigin flokksstofnun.
Samtímis hefur hentistefnan öll undirtökin í samtökunum/flokknum.
Hvort tveggja sviptir grundvellinum undan ásökun á EIK(m-l) og frambróun flokksins. Flokksstofnunin er ekki "sögulegur sigur", heldur staðfesting þess að það sem segja má um KSML á fyrstu árum samtakanna, á í öllum aðalatriðum við um KFÍ/ML.
EIK(m-l) hafa ekki stofnað kommúnistaflokk, en þar er hins vegar að finna vísi að honum.
Að lokum: Stéttabaráttan gerir mikið úr viðtali er norska blaðið Klassekampen birti við formann EIK(m-l) fyrir stuttu. KSML krefst vantraustsyfirlýsingar á formanninn og telur viðtalið uppspuna. Viðtal þetta er tekið símleiðis í lok febrúar og er rétt í aðalatriðum. Tvö atriði þarf að betrumbæta og leiðrétta. Þegar KSML eru sögð vinstri hentistefnusamtök (réttilega) og sögð gjarnan vinna með borgaralegum öflum, er auðvitað átt við málið sem viðtalið snýst um - þ.e.a.s. landhelgismálið. Þar sem formaður EIK(m-l) talar um að fjöldaaðgerðir í Grindavík, aðgerðir í Keflavík og víðar, hafi verið undir forystu verka fólks og sjómanna, er það rangt. Í Grindavík voru það atvinnurekendur og sjómenn saman, annars staðar yfirgnæfandi minni útgerðarmenn. Ónógri vit neskju er þarna um að kenna. En hláleg tilraun Stéttabaráttunnar til að blása upp moldviðri, er hvað greinilegust þegar blaðið "sannar" að EIK(m-l) þykist leiða alla baráttu á Íslandi með því að þýða setninguna "...dersom vi organiserer for folkelig kamp" með: "...þar sem við skipuleggjum alþýðubaráttu.." Í norsku þýðir dersom ekki þar sem, heldur ef, og þar með er komin önnur merking í þessa setningu. Sé þess þörf, þá mun Verkalýðsblaðið þýða viðtalið og birta það.
Við bíðum svo spennt eftir því hvað andmælendur okkar eiga eftir í pokahorninu, þegar loftbólurnar eru sprungnar.

# Gegn trotskisma

Lengi getur vont versnað. Mörgu fólki þykir orðið nóg um stefnumergðina á vinstri kantinum. En ekki er þó ástæða til að örvænta, því að starf og fjöldastefna hverra samtaka skera fljótlega úr um það að aðeins ein samtök eru raunveruleg kommúnísk samtök. Þau samtök sem hvað lengsta eiga sögu hentistefnu og vingulsháttar - Fylkingin - gengu nú nýverið í heimssamtök trotskista "4. alþjóðasambandið". Trotskismi er ein stefnan sem margir hafa heyrt getið, færri kynnt sér. Leo Trotskí var hentistefnumaður og orðhákur í Rússlandi byltingarinnar. Í atkvæðagreiðslu um stefnu Trotskí-klíkunnar í sovéska kommúnistaflokknum hlaut hún 1-2% atkv. Kjarni stefnunnar var sá að slíta bandalagi smábænda og verkalýðs, gera verkalýðssamtökin að ríkisbákni og að andæfa þeirri staðreynd að unnt væri að reisa sósíalískt þjóðfélag undir alræði öreiganna í Sovétríkjunum einum. Trotskí og nótar hans voru brotnir á bak aftur á mörgum sviðum. En ónóg fjöldastefna leiddi til þess að borgaraleg öfl gátu sest að í lykilstöðum skrifræðisbáknsins sem byggt var upp og afleiðingin varð svo sú, að afturhaldið náði undirtökum í þróuninni og Sovétríkin urðu afturhaldinu að bráð.
Trotskisminn varð brátt ein helsta hugmyndafræði menntafólks með and-verkalýðssinnaða stéttaafstöðu víða um heim. Trotskistar smíðuðu smáhreyfingar og voru alþýðu til ama vegna fyrirgangs og klofningsbrölts. Þannig börðust þeir gegn þjóðfrelsisfylkingum Víetnam - og voru ýmist gerðir hlutlausir með samfylkingartilboðum eða vopnum. Hó Sí Mín kallaði þá eitur í beinum byltingarhreyfingarinnar. Í Albaníu og Kína börðust þeir með samstarfsmönnum innrásarherja fasismans - gegn "stalínismanum". Á Spáni gerðu þeir uppreisn 1936 gegn Alþýðufylkingunni og lýðveldinu. En alls staðar biðu þeir samstundis lægri hlut. Kína og Albaníu kalla þeir nú "afbökuð verkalýðsríki undir skrifræðisstjórn".
Hér á Íslandi hefur aldrei borið á trotskistum fyrr en nú. Stefna þeirra hér er fólgin t.d. í andstöðu við útfærslu fiskveiðilögsögunnar, vörnum fyrir drottnunarstefnu Sovétríkjanna og fleiru. Þeir heimta "þjóðnýtingu atvinnutækja undir eftirliti verkalýðsins" - án ríkisvalds hans og tala um "verkalýðseftirlit" með auðvaldsrekstrinum. Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag kalla þennan kratisma "atvinnulýðfæði og félagsrekstur". Í raun er trotskisminn ekkert annað en hægri hentistefna í rauðum og afar "vinstri" sinnuðum búningi. Sem slíkur er hann stoð auðvaldinu og andstæður verkalýð og alþýðu í einu og öllu. Af þessu taka EIK(m-l) mið.

NIÐUR MEÐ FASISMANN!

-Mynd spænskra kommúnista úr Spánarstyrjöldunni.
Í stað samfylkingar gegn fasisma fyrir lýðræðisbyltingu tala trotskistar um að nú standi sósíalísk bylting fyrir dyrum.

**EIK(m-l)**

★★★★★★★★★

**TAKIÐ ÞÁTT Í NÁMSSTARFI**

Samtökin eru flutt úr húsnæði sínu, Skólastræti 3b, og munu innan tíðar fá fast aðsetur á ný. Fram að því geta þeir, sem vilja ná sambandi við samtökin, hringt í síma 35904 í Reykjavík.
Upplýsingar gefur Magnús Snædal í síma 28942.

Október

sendið pantanir: OKTÓBER-forlagið, pósthólf 541 Akureyri eða Nesveg 66 Reykjavík



**KYNNIÐ YKKUR ÚTGÁFUEFNI OKTÓBER FORLAGSINS**

1. Samþykktir fyrstu sameiginlegu ráðstefnu norænna marx-lenínista.
2. Afstaðan til Stalín.
3. Gegn trotskisma og "vinstri"-róttækni.
4. Fangelsisdagbók - ljóð Ho Chi Minh.
5. HVAÐ BER AÐ GERA? - Bæklingar. Út eru komnir tveir: Sá fyrri fjallar um stefnu EIK(m-l) í kjaramálum, sá síðari um stefnu EIK(m-l) í landhelgismálinu.
6. Fram til stofnunar Kommúnistaflokks Íslands - Hvað vill EIK(m-l)? Ályktanir 2.landsþings EIK(m-l).
7. Tímaritið RAUÐLIÐINN - fræðilegt málgagn EIK(m-l).

Baráttuleið alþýðunnar er uppseld hjá forlaginu og verður bókin endurútgefin eftir ítarlega yfirferð. Endurútgáfan er væntanleg í maí.

Þeir sem kaupa allt efni OKTÓBER-forlagsins fá 20% afslátt.

# KVENNABARÁTTA ER STÉTTABARÁTTA

Það er ekki hægt að gera sér grein fyrir kúgun konunnar, orsökum hennar og eðli án þess að gera sér grein fyrir stöðu konunnar sem varavinnuafls í auðvaldsþjóðfélaginu. Afleiðing þessa er að baráttan hlýtur að beinast að efnahagsgrundvellinum - þ.e. auðvaldsskipulaginu. Höfuðóvinurinn er einokunarauðvaldið, ekki karlmaðurinn, eins og femínistar halda fram og er ríkjandi tilhneiging í ísl. kvennabaráttu. En að sjálfsögðu er kúgun konunnar eldri en auðvaldsskipulagið. Kúgun konunnar er jafngömul einkaeigninni og stéttaþjóðfélaginu. Form kúgunarinnar, hvernig hún birtist, ákvarðaðist bæði í þrælasamfélagi fornaldarinnar og í lénsskipulagi miðaldanna af ríkjandi framleiðsluafstæðum.
Það að konan er kúguð sem kyn stafar af þeirri ábyrgð, sem hún ber á endurframleiðslunni - þ.e. umönnun barna. En orsök kúgunarinnar er einkaeign og tilvera stéttakúgunar undir kapítalismanum, gróðasókn auðvaldsins og þörf þess fyrir ódýrt vinnuafl, sem hægt er að senda heim á krepputímum.

frh. bls. 5.

## BANDAMENN...
### frh.af bls. 2

ATG: Það ætti að vera fullljóst að þessi efling tenglsa við heimshreyfinguna og samhugur beggja er aflvaki í allri baráttu. Margt má læra af albönsku félögunum. Alþjóðahyggjan er sterkt vopn gegn afturhaldi og allri hentistefnu. EIK (m-l) er það mikils virði að finna að þjóðfrelsismenn og kommúnistar þessarrar hetjuþjóðar styðja það starf og þá stefnu sem EIK(m-l) hefur þróað í baráttu við endurskoðunarstefnu í eigin röðum, í Alþýðubandalaginu, í Fylkingarhópnum, og síðast en ekki síst KSML. Við höfum einna helst átt í baráttu við KSML í uppbyggingu flokksins. Þeir hafa ráðist gegn núverandi stéttgreiningu okkar, samfylkingarstefnu, stefnufestu varðandi sameiningu marx-lenínista í nýjan kommúnistaflokk og talið einangrunarbrölt sitt frá upphafi hafa verið "marx-lenínisma". Samtökin kóróna svo hentistefnuna með stofnun "kommúnistaflokks" á páskum, sem hvílir, þrátt fyrir nýja drætti, á þess ari gömlu einangrunarstefnu. En þá er jafnvíst að sú stefna og sá flokkur eiga fátt skylt við heimshreyfinguna annað en nafið eitt. Flokkur vinnunnar viðurkennir aðeins eina hreyfingu í hverju landi sem marxlenínínska. Samtímis verður að slá föstu að álit þeirra og allra annarra bræðrasamtaka okkar er ekki afgerandi, heldur starfið og árangur þess: sigurinn yfir endurskoðunarstefnunni og eyðandi hentistefnu.
Hann er óhjákvæmilegur, sé grundvallarstefnan rétt.
Ég vil svo benda á að KFÍ/ML, hinn nýji "flokkur" KSML, ræðst að EIK(m-l) fyrir utantíkissamskipti samtakanna. Þannig dregur KFÍ/ML ekki gagnrýnar og réttar ályktanir af eigin einangrun, heldur ræðst að erlendum marx-lenínistum í raun, rétt eins og þeir taki ekki sínar ákvarðanir á eigin spýtur, heldur láti EIK(m-l) véla sig. Þarna kemur hvað best í ljós að grundvallarmunur er á EIK(m-l) og KFÍ/ML.
Við munum að sjálfsögðu nýta árangurinn af heimsókn okkar til þess að herða félagana og efla baráttuna.
Vbl.: Eitthvað að lokum, Ari Trausti?
ATG: Albaníuförin er mikilvægur áfangi í þróun og einingarstarfi marx-lenínista. Tengslin munu efla og styrkja vináttu þjóðanna. Albanir styðja íslenska alþýðu af heilhug í landhelgisbaráttunni og þegar við þökkuðum þann stuðning eða bentum á hinar stórkostlegu viðtökur sem við fengum í Albaníu, þá var svarið alltaf á eina lund: þetta er aðeins félagaleg skylda. Svo einföld er stéttaafstaðan.

## KVENNABARÁTTA...
### frh.af bls. 4.

Þessi staða gerir konur oftast meira og minna fjárhagslega háðar eiginmönnum sínum. Kynferðiskúgunin, goðsögnin um konuna sem móður, eiginkonu, ástmey, gegnir allt því hlutverki að halda við ódýrum og samvinnuþýðum vinnukrafti fyrir auðvaldið.
Að sjálfsögðu leiðir einnig af þessarri stöðu konunnar andstæður milli vinnandi karla og vinnandi kvenna. En þær andstæður eru sættanlegar og baráttan á að taka mið af að sætta þær. Það er nauðsynlegt, því þessar andstæður þjóna auðvaldinu framar öllu, með því að sundra alþýðufólki. Milli auðvalds og vinnandi fólks er hins vegar ósættanleg andstæða og kvennabaráttan verður að byggjast á henni.
Þetta þýðir þó ekki að ekki sé þörf á sérstakri baráttu kvenna (eins og trotskistar FBK halda fram). Það þarf að berjast gegn hinni kynferðislegu kúgun og reyna að vinna stuðning allrar alþýðu karla sem kvenna við þá baráttu.
Yfirstéttarkonur, forstjórafrúr, þingkonur o.s. frv. eiga ekki samleið í þessarri baráttu þar sem kynferðislega kúgunin er minniháttar, stéttakúgunin meiriháttar og þær tilheyra einmitt stéttaróvininum.
Þessa baráttu verður að heyja með vel skipulögðum liðsmannasamtökum þar sem bæði kyn starfa, þó fyrst og fremst konur.
Það er einkennandi fyrir femínista að hallast að laustengdum "starfs"hópum og skipulagsleysi (Rauðsokkahreyfingin) sem í raun drepur niður starf og veitit frelsi fyrir hvers kyns hentistefnu og hringlandahátt. Borgaraleg öfl grassa í hreyfingunni að vild - árangur starfsins því brotakenndur og enginn þegar á reynir.

VINNANDI KONUR! SKÖPUM OKKUR BARÁTTUSAMTÖK, ER STARFI Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU!!

## Politikina... frh.af baksíðu

barátta innan ASÍ - barátta milli hægri og vinstri, milli baráttufólks og stéttasamvinnufólks. Með sigri endurskoðunarstefnunnar í Kommúnistaflokki Íslands og afneitun Sósíalistaflokksins-Alþýðubandalagsins á virku pólitísku forystuhlutverki meðal verkalýðs hefur skapast það ástand sem nú ríkir. Logn og ládeyða í félögunum og ríkjandi stéttasamvinna í forystu hreyfingarinnar Þessi þróun sýnir okkur nauðsyn sterkrar pólitískrar forystu - verkalýðsflokks, sem byggir á hugmyndafræði verkalýðsins sjálfs, marx-lenínismanum. Sá flokkur verður ekki byggður öðruvísi en með vægðarlausri baráttu gegn stéttasamvinnunni, endurskoðunarstefnu gömlu "verkalýðsflokkanna" og hverskonar hentistefnu og hentistefnuflokkum. Hlutverk þess flokks er að færa baráttuna á ný inn í verkalýðsfélögin, virkja sérhvern félaga til baráttu fyrir hagsmun um sínum.

# BARÁTTA ÍSLANDS ER FORDÆMI
## Viðtal við formann OFML Færeyjum

VERKALÝÐSBLAÐIÐ HEFUR HINGAÐ TIL LÍTIÐ SKRIFAÐ UM BARÁTTUNA Í FÆREYJUM, OG ALLT OF LÍTIÐ ER FJALLAÐ UM HANA Í PÓLITÍSKRI UMRÆÐU HÉR Á LANDI. VIÐ MUNUM ÞVÍ REYNA AÐ FLYTJA LESENDUM FRÉTTIR FRÁ FÆREYJUM OG BARÁTTUNNI ÞAR, EFTIR ÞVÍ SEM EFNI STANDA TIL.



Tíðindamaður Verkalýðsblaðsins var á ferð í Færeyjum um páskana, og hitti þá m.a. að máli Hermann Oskarsson, formann Oyggjaframa (m-l) - OFML - en það eru systursamtök EIK(m-l) í Færeyjum. Hér á eftir fer hluti viðtals sem tekið var við Hermann um stöðuna í Færeyjum og um baráttu OFML. Í næsta tbl. Verkalýðsblaðsins mun svo birtast kynning á OFML og ýmiskonar efni um Færeyjar bíður birtingar. Einnig mun Rauðliðinn, fræði legt málgagn EIK(m-l) væntanlega birta sameigin lega ályktun EIK(m-l) og OFML.

Vbl.: Nú eru fiskveiðar undirstaða efnahagslífs Færeyja; er þá ekki hugur í fólki hér að færa út fiskveiðilögsögu við eyjarnar og berjast fyrir fiskverndun?
H.O.: Jú, við álítum að brýn þörf sé fyrir útfærslu við Færeyjar. Hér vinnur mikill fjöldi fólks við fiskveiðar og fisk vinnslu og fiskurinn er því undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis okkar. Á næstu árum munu strandríkin umhverfis okkur fylgja fordæmi Íslands og flytja út sín fiskveiðimörk. Þetta álítum við rétt, og þessi þróun þrýstir mjög á útfærslu við Færeyjar.
Eins og er, þá er stór hluti fiskjar okkar flutt ur til Danmerkur, Englands og fleiri landa og fullunninn þar. Gegn þessu viljum við berjast, og krefjumst þess að hafin verði uppbygging sjálf stæðs iðnaðar í Færeyjum. Færeyjar tóku sér tólf sjómílna fiskveiðilögsögu 1964, og það hafði víðtæka þýðingu, bæði styrkti það hinar fjarlægu byggðir efnahagslega, og styrkti efnahagslegt sjálfstæði eyjanna yfirleitt. Nú er orðin hætta á rányrkju fiskstofna við eyjarnar, og þrýstingur fólksins á landstjórnina að færa út, vex stöðugt. Danir fara með utanríkismál eyjanna og þar með eru það þeir sem ákveða hvort fært verður út hér eða ekki. Því er það sem við álítum að ef danska stjórnin neitar að beita sér fyrir útfærslu, þá munu fólkið krefjast sjálfstæðis eyjanna. Lögþing Færeyja hefur ekki ályktað um útfærslu, og skýringin á því er líklega sú, að meirihluti þess er andvígur sjálfsstjórn Færeyja og mjög fylgjandi nánum tengslum við dani.
Útfærslan við Ísland er mikill styrkur fyrir færeyska sjómenn og verkalýðsstéttina í heild, því hún styrkir mjög þau öfl sem krefjast færeyskrar útfærslu.
Vbl.: Hér á eyjunum hefur verið mjög sterk andstaða gegn inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), og EBE-málið er tengt landhelgismálum ykkar; hvað viltu segja um þetta?
H.O.: OFML tók virkan þátt í myndun alþýðuhreyfingar gegn EBE, "Fólkafylkingin móti EEC", á sínum tíma og starfaði innan hennar af miklum krafti. Þetta var í raun alþýðufylking og það var aðeins fyrir baráttu henn ar og styrkleika, að Færeyjar voru ekki innlimaðar í EBE í fyrstu atrennu. En baráttunni er engan veginn lokið og nú eru ýmiss teikn á lofti um að nýjar tilraunir til að lima eyjarnar inn í EBE, séu á döfinni. Færeyskir kapítalistar, sem eiga nótaskip á stöðugum veiðum í Norðursjónum, þrýsta nú mjög á EBE-aðild, til þess að tryggja það að hagsmunum þeirra sé borgið og þeir fái veiðikvóta við strendur EBE-landanna Hins vegar kveður stjórnarsáttmáli flokkanna sem skipa landstjórn Færeyja skýrt á um það, að Færeyjar gangi ekki í EBE, að fiskveiðilögsagan við Færeyjar verði flutt út og fleira sem beinlínis varðar hag vinnandi alþýðu. Færeysk alþýða krefst þess að við þetta verði staðið. Þegar á allt er litið, þá má því sjá, að mikil þörf er á því að nýju lífi sé blásið í Fólkafylkinguna móti EEC. OFML mun eftir fremsta megni stuðla að því að þegar verði hafist handa um endurreisn þessarar samfylkingar alþýðunnar.
Vbl.: Oyggjaframi(m-l) eru fremur ung samtök, en mjög virk í baráttunni hér; hvað er að segja um þróun þeirra?
H.O.: Byltingarhreyfingin hér er bæði ung og óreynd. Við höfum því átt við marga erfiðleika að etja, og ýmsa "barnasjúkdóma", en við höfum leyst úr vandamálunum á grundvelli marx-lenínismans. Þing samtakanna sem haldið var á síðasta ári, sló föstu að OFML hefði gert upp við hægri og "vinstri" villur og tilhneigingar sem skotið hefðu upp kollinum í samtökunum, og þar með var stigið stórt skref fram til stofnunar kommúnistaflokks í Færeyjum. Höfuðverkefni OFML er að festa enn frekar rætur meðal verkalýðsins og vinnandi alþýðu og það gerum við með þrotlausu starfi meðal fjöldans - fyrir fjöldann. Baráttan í framtíðinni mun einkennast af tvennu: annars vegar af baráttu fólksins fyrir sjálfstæði og hins vegar af baráttu verkalýðsins og bandamanna hans fyrir sósíalisma. OFML álítur hlutverk sitt það að byggja upp kommúnistaflokk sem sé fær um að leiða baráttu verkafólks og alþýðu gegn danskri nýlendukúgun og EBE-heimsvaldastefnu og leppum hennar í Færeyjum - fyrir sósíalismanum. Færeysk verkalýðsstétt á að leiða baráttu alls þess fólks sem er kúgað af nýlendu- og heimsvalda stefnu.
Vbl.: Hver eru svo næstu verkefni OFML í stéttabaráttunni í Færeyjum?
H.O.: OFML hefur eflst og vaxið, einkum síðustu 6 mánuði, og áhrif okkar vaxa jafnt og þétt. Frá og með 1.maí n.k., munum við hefja reglulega útgáfu á blaði samtakanna, og það teljum við vera afar mikilvægan áfanga í baráttunni. Þörfin á marx-lenínískum kommúnistaflokki er afar brýn hér. Við munum því leggja ríka áherslu á að vinna róttækt fólk og baráttufúst, á okkar band, og herða mjög hugmyndafræðilega baráttu gegn endurskoðunarstefnunni.
Þá er hægt að nefna að við höfum hafið vinnslu á leshring í grunnnámi í marx-lenínisma á færeysku. Við álítum að námsstarfið muni styrkjast mikið við það að eignast leshring á móðurmálinu, enda hefur það háð okkur mikið að þurfa að notast eingongu við námsefni á erlendum tungum í náminu fram að þessu. Einnig er á döfinni meiri útgáfa, bæði á fræðilegu málgagni OFML og á verkum frumkvöðla sósíalismans.
Í stéttabaráttunni eru höfuðverkefni okkar þessi helst helst: að endurreisa stéttarfélögin sem raunveruleg baráttutæki launafólks, að endurvekja "Fólkafylkinguna móti EEC", að berjast fyrir útfærslu landhelgi við Færeyjar.
Við erum bjartsýn á framtíðina; baráttuvilji fólksins lofar góðu og byltingarhreyfingin er í örum vexti í Færeyjum, jafnt sem alls staðar annars staðar í heiminum, sagði Hermann Oskarsson að lokum.

# VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Gerist Áskrifendur GREIÐIÐ ÁSKRIFT
sími ~ 35904 GÍRÓ 12200

# SAMTÖK HER STÖÐVAANDSTÆÐINGA - BARÁTTA GEGN BÁÐUM RISAVELDUNUM

Nú í maí verða stofnuð liðsmannasamtök herstöðvaandstæðinga. Á fundi herstöðvaandstæðinga í Stapa í vetur var samþykkt að stofna liðsmanna samtök herstöðvaandstæðinga í maí. Slík skipulagning herstöðvabaráttunnar hefur verið stefna EIK(m-l) frá upphafi. Hingað til hefur barátta herstöðvaandstæðinga verið skipulögð í kring um miðnefnd án skipulagðrar hreyfingar og hefur því megnið af starfi herstöðvanadstæðinga farið fram innan þessarar einu nefndar án tengsla við þann fjölda sem vill taka þátt í baráttunni. Opin liðsmannasamtök, sem skiðuð eru baráttufúsu fólki, með lýðræðislega kosinni stjórn er áhrifameira baráttutæki og líklegra til að geta skipulagt dugmiklar aðgerðir.

Á síðustu árum hefur ástandið á alþjóðavettvangi tekið stórum breytingum. Riskingar og vopnaskak risaveldanna hefur aukist og þá einkum Sovétríkjanna. Barátta þjóða þriðja heimsins hefur fært heimsvaldastefnunni mikla ósigra. Hér á Íslandi hefur landhelgismálið m.a. opnað augu fólks fyrir eðli og hlutverki NATO og herstöðvanna og þá ekki síður eðli risaveldanna sem barist hafa af grimmd gegn réttlátum kröfum strandríkja um full yfirráð yfir 200 mílna lögsögunni.

Í ljósi þessa verður sú stefna sem samtök herstöðvaandstæðinga taka í upphafi að beinast gegn allri heimsvaldastefnu og öllum yfirgangi risaveldanna sem annarra, jafnt á landi sem á sjó og í lofti á svæðinu umhverfis landið.

Stöðugar heræfingar og ógnanir Sovétríkjanna á hafinu umhverfis landið gera okkur beinlínis skylt að taka upp virka og raunhæfa baráttu gegn útþensnslustefnu þeirra. Þar að auki eru þessar heræfingar beinn liður í undirbúningi risaveldanna undir nútt uppskiptastríð

Þau and-heimsvaldasinnuð samtök, sem ekki taka upp virka baráttu gegn báðum risaveldunum og stríðsundirbúningi þeirra lýsa þar með yfir sáttfýsi við yfirgang og rányrkju þess risaveldis sem þau láta hjá líða að berjast gegn.

EIK(m-l) mun berjast fyrir því að samtök herstöðvaandstæðinga taki virka afstöðu gegn báðum risaveldunum og skipuleggi baráttu sína út frá þeirri staðreynd að við lifum ekki lengur á eftir stríðsárum heldur fyrir stríðsárum. And-heimsvaldabarátta í dag þýðir barátta gegn báðum risaveldunum - Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.



# Pólitíkina inn í verkalýðsfélögin - sköpum nýja forystu

Stéttabaráttan fer harðnandi hér á landi sem um allan heim. Nú þegar kreppa herjar auðvaldsskipulagið reynir auðvaldið að velta kreppubyrðunum yfir á herðar vinnandi alþýðu, skerða kjör hennar og takmarka lýðréttindi enn frekar. Íslenskur verkalýður verður að vinna mikla yfirvinnu til þess að hafa fyrir eigin framfærslu og enn eru kjörin skert. Síðustu samningar sýndu það ljóslega að sú forysta sem er fyrir verkalýðshreyfingunni er þess alls ekki megnug að leiða baráttuna. Þvert á móti vinnur hún gegn allri fjöldabaráttu og þátttöku hinna almennu félaga verkalýðsfélaganna í stéttabaráttunni. Verkalýðurinn þarf nýja forystu, hann þarf bæði nýja faglega og pólitíska forystu. Þeir flokkar sem mest guma af að vera "verkalýðsflokkar", Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn, eru þingræðisflokkar og leggja eingöngu áherslu á þingræðisbaráttuna. Þeir reyna að færa alla baráttu inn fyrir veggi Alþingis og loka hana þar í nefndum og kjaftaklúbbum.
Þessir flokkar eru algerlega ófærir um að veita verkalýðnum pólitíska forystu í baráttu hans gegn atvinnurekendum og ríkisvaldi. Þessir flokkar eru báðir vilhollir ríkisvaldi borgaranna og stefna þeirra er að styrkja það en ekki rústa og eyðileggja vegna þess að það er fjandsamlegt öllum hagsmunum verkalýðsins.

STAÐA VERKALÝÐSFÉLAGANNA Í DAG

Þátttökuleysi er einkennandi fyrir ástandið í verkalýðsfélögunum í dag. Forystan kennir um "áhugaleysi", "deyfð" og "mikilli vinnu". En allt er þetta yfirklór. Þátttökuleysið er til komið vegna slæglegrar forystu hreyfingarinnar í heild - forystu sem leggur meira upp úr samvinnu við atvinnurekendur og ríkisvald en baráttu fyrir brýnum hagsmunum vinnandi alþýðu.

Ástand einstaka verkalýðsfélaga mótast mikið af ástandinu í hreyfingunni í heild. Aukin samþjöppun valds og ákvörðunartektar og þá einkum samningagerðar kemur í veg fyrir almenna þátttöku í starfi verkalýðsfélaganna. Margvíslegum verkefnum hefur verið hlaðið á verkalýðsfélögin, sem ekki eru í beinum tengslum við sjálfa baráttuna, en þó brýn mál. Má þar nefna allskonar skriffinsku í sambandi við útborgun atvinnuleysisfjár og bókhald í því sambandi, atvinnumiðlun, lífeyrissjóði o.s.frv. Samfara þessu hefur öll barátta og verkalýðspólitík horfið úr félögunum og fólk er farið að líta á þau eins og þau væru einskonar tryggingafélög, en ekki baráttutæki. Mörg verkalýðsfélög eru síðan notuð af atvinnurekendum til að hlaupa undir baggann þegar illa horfir í atvinnumálum. Þá eru verkalýðsfélögin látin kaupa hluti í atvinnufyrirtækjum undir því yfirskini að annars færi allt á hausinn og atvinnuleysi væri yfirvofandi. Þannig er spilað á viðkvæmustu taugar verkafólksins; allir vilja hafa vinnu til að geta séð sér og sínum farborða. Þessi þátttaka verkalýðsfélaganna í atvinnurekstri er svo algerlega með skilyrðum atvinnurekenda, þeir fá þarna aukið rekstrarfé og geta haldið áfram að arðræna verkafólkið. Gegn þessu verður að berjast og sú barátta hlýtur að beinast gegn þeirri forystu verkalýðsfélaga og hreyfingarinnar í heild sem gengur á þennan hátt til samstarfs við stéttaróvininn. Verkalýðurinn tekur ekki þátt í atvinnurekstri nema því aðeins að hann ráði þeim rekstri sjálfur í einu og öllu. Það verður að berjast gegn skriffinskunni í verkalýðsfélögunum og gera þau að virkum baráttutækjum á ný. Þegar krafist er pólitískra umræðna í verkalýðsfélögunum, er því svarað með því að fólk vilji ekki ræða um pólitík, að pólitík hrekji fólk bara frá o.s.frv. Þetta er alrangt Þátttaka í baráttu verkalýðsins hefur einmitt aldrei verið meiri en einmitt þegar pólitískar umræður blómstruðu á fundum og baráttan skipulögð út frá niðurstöðum þeirra umræðna. Ein meginforsenda þess að verkalýðsfélögin verði virk baráttutæki á ný er að pólitískar umræður um stöðu verkalýðsins, félaganna og hreyfingarinnar verði á dagskrá á fundum verkalýðsfélaganna á ný.

HVERNIG HEFUR ÞRÓUNIN VERIÐ?

ASÍ er 60 ára í ár. Frá upphafi hefur verið háð

frh. bls. 5.

# 1. MAÍ

Það er fagurt hinn fyrsta maí,
- þá frelsast á ný sá kraftur,
sem lagður var forðum í læðing,
og lífið - það vaknar aftur.
Þá syngur í sefi og runni,
þá seytlar um hlaðvarpa og stétt,
sú eina allsherjarkrafa,
að óskirnar hljóti sinn rétt.

Og gustmiklir öreigar ganga
um götuna, ryki þakta.
Þeir ryðjast sem rennandi móða,
- en rauðir fánarnir blakta.
Nú titrar í hnúum og hnefum,
nú hrærist í kúgaðri stétt
hin eina allsherjarkrafa,
að alþýðan hljóti sinn rétt.

Jóhannes úr Kötlum.

**BARÁTTUEINING 1. MAÍ**

**EINING GRUNDVELLI STÉTTA-BARÁTTU !**

EINING OG STARF Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU
LÍFVÆNLEG LAUN FYRIR 40 STUNDA VINNUVIKU
VERKALÝÐUR GEGN ATVINNUREKENDUM
STÉTT GEGN STÉTT
GEGN STÉTTASAMVINNU ASÍ
GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM
KVENNABARÁTTA Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU
NIÐUR MEÐ ALLA HEIMSVALDASTEFNU
TIL BARÁTTU FYRIR SÓSÍALISKU ÍSLANDI
FJÖLDABARÁTTA Í STAÐ ÞINGRÆÐISBARÁTTU